

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana, sem hér segir:

60 amp. einfasa	kr. 2 874.00
60 amp. þrifasa	— 3 777.00

Séu aðstæður þannig, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni, í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma, og kemur til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en noktun hefst.

Söluskattur skv. lögum og viðlagagjald skv. lögum nr. 4/1973 er innifalinn í gjaldinu, nema af raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi, sem rafveitunefndir Keflavíkur og Gerðahrepps hafa samið og bæjarstjórnir samþykkt, staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi numdar gjaldskrár Rafveitu Keflavíkur, nr. 124 15. maí 1972 og gjaldskrá Rafveitu Gerðahrepps, nr. 125 15. maí 1972.

Iðnaðarráðuneytið, 15. marz 1973

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Njarðvíkur og Rafveitu Voga- og Vatnsleysustrandarhrepps.

RAFORKA

Rafveitur Njarðvíkur og Voga- og Vatnsleysustrandarhrepps selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1. Um kWst.-mæli á kr. 13.47 hver kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 4.80 hver kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 66.00 á ári af hverjum fermetra gólfplatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal

greiða af gólfleti í verzlunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 20.25 af fermetra á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 3.03 hver kWst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 1.32 á mánuði af gólfplatarferm. íbúðar. Leiga af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu.

3. Vélanotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 7.11 hver kWst., hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 1 592.75 á hvert uppsett kW vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum, kr. 6.70 hver kWst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- og mjólkuriðnað er yfir 20 kW.
 - a) Um kWst.-mæli á kr. 2.32 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, í mesta álagstíma rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kostar klukkurofa fyrir vélaagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með, að rofið sé á tilskildum tímum.
 - b) Um tvígjaldsmæli á kr. 14.37 hver kWst. í 1½ klst. á dag í tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en í klst. í senn, en kr. 2.32 hver kWst. utan þess tíma.
4. Um mæli á kr. 3 593.86 fyrir hvert kW mesta notaðs afls á árinu mælt með 15 mín. meðalálág auk þess kr. 1.32 á notaða kWst. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 37.95 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h., en kr. 16.67 á hvern fermetra í vörugeymslum, annars staðar kr. 28.75.

4. Hitun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 0.92 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kWst.-mæli á kr. 0.46 hver kWst. í 9 klst. á tímanum frá klukkan 22 til 7.

5. Önnur skilyrði fyrir sölu raforku til hitunar.

- a) Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, sem gerð eru samkvæmt fyrir mælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
- d) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, þegar þess er krafizt.

6. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 4.17 hverja kWst., enda sé notkun mæld með sérmæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 8.09 hverja kWst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 1.32 hverja kWst. á tímanum frá klukkan 22 til 8.30 og kr. 3.10 hverja kWst. á tímanum frá klukkan 8.30 til 22.
4. Til gatnalýsingar á kr. 4.35 hverja kWst.
Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra gjaldskráarliði, skal selja eftir gjaldskrárlið 1—1.

7. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum, sem hér segir:

Af einfasa mælum upp að 30 amper	kr. 22.26 á mán.
Af þrífasa mælum 50—220 amper	— 69.19 — —
Af þrífasa mælum upp að 50 amper	— 25.57 — —
Af þrífasa mælum yfir 220 amper	— 95.84 — —
Af liða fyrir álagsstýringu	— 75.90 — —

Að öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

8. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduopnun kr. 490.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 490.00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Verði raforkunotandi uppvis að notkun raforku án mælingar, skal hann sæta ábyrgð skv. lið 2, nema þyngri refsing liggji við.

9. Heimtaugargjöld.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helztu raforkunotkun, jafnframt leggja fram raflagnateikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri eign (hverri lóð) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðlínukerfi og allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi töflu:

Gjaldskrá- liður	Málstraumur í 3 × 220 V kerfi Amp.	Stofnvara í 3 × 380 V kerfi Amp.	Hámarks- afl kVa.	Heimtaugar- gjald kr.
1.	2 × 60	1 × 60	13	11 589.00
2.	3 × 60	2 × 60	22	15 092.00
3.	3 × 100	3 × 60	38	21 636.00
4.			50 sp.	25 635.00
5.		3 × 100	66	35 696.00
6.	3 × 200		75	43 275.00
7.			100 sp.	51 248.00
8.	3 × 350	3 × 300	132	71 037.00
9.			150 sp.	81 478.00
10.			200 sp.	102 500.00
11.		3 × 350	231	115 967.00
12.			300	164 007.00
13.			500	272 340.00

sp. = spennir.

Rafveitan leggur ekki jarðlínuheimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytztu leið að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa á innvegg, skal leita sam-

þykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu (samkv. ósk heimtaugarbeiðanda) skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en skeri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá, yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metra þannig:

Yj = (250 + 4 KVA) kr./m. Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 m. Þannig: Yl = (50 + 3 KVA) kr./m að viðbættum kr. 5 375.00 á hvern staur í umframlengd.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu er greitt fyrir hana eins og hér segir:

60 amper einfasa	kr. 2 846.00
60 amper þrífasa	— 3 418.00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara bykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva, að dómi rafveitustjóra.

Eðlilegur kostnaður notenda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum.

Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

10. Ýmis ákvæði

Söluskattur samkv. lögum nr. 10/1960 um söluskatt með viðauka 1. marz 1970 um nógildandi 11% söluskatt, er talinn með í upphæð gjaldanna, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, að undanskildri notkun til rafhitunar. Viðlagagjald 2%, skv. lögum nr. 4/1973 er ekki innfalið og reiknist af öðru en húshitun.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka og lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1. og 2. lið gjaldskrár um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923. og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað. og hirtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Raveitu Voga- og Vatnsleysustrandarhrepps, nr. 113 9. maí 1972 og Rafveitu Njarðvíkur, nr. 114 9. maí 1972.

Iðnaðarráðuneytið, 15. marz 1973

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.